

Borgarstjórn
28. febrúar 2017

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar um aukið úrval í mótuneytum grunnskóla í Reykjavík

Lagt er til að skóla- og frístundasvið Reykjavíkur sjái til þess að mótuneyti grunnskólanna auki úrval grænmetis- og vegan valkosta og tryggi að innihaldslýsing matvæla sé aðgengileg nemendum og foreldrum ekki síðar en á skólaárinu 2017-2018.

Greinargerð:

Ástæðan fyrir þessari tillögu er sú að það þarf virkilega að bæta grunnskólamótuneyti þar sem að margir nemendur eru óánægðir með matinn og við vitum varla hvað við erum að borða og krefjumst þess vegna innihaldslýsinga. Bæting á grænmetis- og vegan mat þarf auk þess að eiga sér stað þar sem að grænmetisætur fá afskaplega einhæfa fæðu og lítið er um vegan valkosti.